

Alþingi
Erindi nr. P 137/40
komudagur 2.6.2009



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 2. júní 2009

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn) 137. löggjafarþing. ~~13.~~ mál. 14.

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp.

Samtökin sendu inn umsögn um sama mál á 136. löggjafarþingi og er umsögn þessi að mestu leyti samhljóða fyrri umsögn þó að teknu tilliti til þeirra breytinga sem urðu á frumvarpinu svo og þeirra upplýsinga sem fram komu á þingnefndarfundum þegar mál þetta var tekið fyrir á síðasta löggjafarþingi.

Eignarhald og gegnsæi

Samtökin hafa engar efnislegar athugasemdir við 1. 5. 6. og 7. gr. frumvarpsins og telja að þau kunnir að auka gegnsæi á eignarhaldi og atkvæðisrétti hluthafa í íslenskum hlutafélögum.

Orðalag 5. gr. mætti þó vera skýrara varðandi þær upplýsingar sem fram eiga að koma í samantekt félagsstjórnar um þær breytingar sem orðið hafa á árinu. Vætanlega er átt við að í samantektinni eigi að koma fram upplýsingar um hlutafjáreign í upphafi árs og svo aftur í lok árs og þannig sjáist þær breytingar sem orðið hafa á hlutafjáreign á árinu. Hins vegar má einnig skilja ákvæðið á þann hátt að greina skuli frá öllum kaupum og sölum hlutafjár í félaginu á árinu. Til að koma í veg fyrir slíkan misskilning væri æskilegt að lagfæra orðalag ákvæðisins að þessu leyti.

Kynjahlutföll og upplýsingagiöf

2. og 3. gr. frumvarpsins fjalla um kynjahlutföll í stjórnnum hlutafélaga. Samskonar ákvæði eru í 8. og 9. gr. frumvarpsins um einkahlutafélög. Samtökin gera ekki athugasemd við að í þessum lagabálkum skuli vera almenn hvatningarorð til hluthafa um að gæta að kynjahlutföllum í stjórnnum við kosningu stjórnar.

Hins vegar gera samtökin athugasemd við þá upplýsingagiöf sem félögum verður skylt að veita hlutafélagaskrá verði frumvarpið óbreytt að lögum.



Fram kom í máli fulltrúa hlutafélagaskrár á þingnefndarfundum þegar mál þetta var til umfjöllunar á síðasta löggjafarþingi að þegar skráðir eru stjórnarmenn eða aðrir sem trúnaðarstörfum gegna í félögum er hlutafélagaskráin samtengd þjóðskrá. Þjóðskráin flokkar alla sem þar eru skráðir í kvenkyn og karlkyn. Vegna þessa eru allir stjórnarmenn og framkvæmdastjórnar nú þegar flokkaðir eftir kyni og er hægt með einni skipun að kalla fram upplýsingar um kynjahlutföll einstakra félaga eða allra félaga, allra félaga af tiltekinni tegund eða allra félaga í ákveðnum atvinnurekstri. Mun frumvarpið að þessu leyti því ekki hafa nein áhrif á upplýsingaöflun um kynjahlutföll. Það mun eingöngu leggja þá kvöð á herðar félaga í landinu að skila inn gagnslausum upplýsingum.

Í greinargerðinni með frumvarpinu kemur fram að markmið þess sé að stuðla að jafnari hlutföllum kvenna og karla í áhrifastöðum í hlutafélögum og einkahlutafélögum. Í 2. gr. og 8. gr. frumvarpsins er hins vegar ekki eingöngu verið að óska eftir að félög tilkynni um kynjahlutföll í stjórnnum og meðal æðstu stjórnenda heldur á í félögum þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli að sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna og stjórnenda félagsins.

Ekki er að finna skilgreiningu á hugtakinu „stjórnandi“ og hvort verið sé að óska eftir upplýsingum um æðstu stjórnendur fyrir utan framkvæmdastjóra félagsins eða hvort ákvæði þetta tekur einnig til annarra sem fallið geta undir hugtakið. Æskilegt væri að þetta væri skýrara í frumvarpinu. Ljóst er að fyrir stærri fyrirtæki sem starfa í mörgum þrepum, sviðum og deildum getur orðið nokkuð viðamikilið að safna saman þessum upplýsingum.

Á fyrrnefndum þingnefndarfundum kom einnig fram í máli fulltrúa hlutafélagaskrár að stofnunin sjálf óskaði ekki eftir að fá sendar inn þessar upplýsingar um kynjahlutföll meðal starfsmanna og stjórnenda. Taldi stofnunin sig hvorki hafa yfir að ráða tæknibúnaði til að taka við þessum upplýsingum eða vinna frekar með þær né að skýrt væri hvað stofnunin ætti að gera við þessar upplýsingar. Virðist hér því farið af stað með íþyngjandi upplýsingagjöf fyrirtækja án þess að fyrir liggi nægilega ljóst fyrir hvert markmið með upplýsingagjöfinni er eða hvernig eigi að vinna úr upplýsingunum.

Í 3. gr. og 9. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að gæta skuli að kynjahlutföllum við ráðningu framkvæmdastjóra og skulu hlutafélagaskrá gefnar upplýsingar um kynjahlutföll þeirra. Ef þarna er átt við framkvæmdastjóra í skilningi hlutafélagalaga er bent á að þrátt fyrir að hlutafélagalög og einkahlutafélagalög bjóði upp á þann möguleika að félög ráði fleiri en einn framkvæmdastjóra er undirritaðri einungis kunnugt eitt tiltekið tilvik sem það hefur verið gert á Íslandi (Landsbanki Íslands hf.). Má segja að almennt tíðkist ekki á Íslandi að framkvæmdastjórnar félaga séu fleiri en einn og því þjónar það engum tilgangi að biðja um kynjahlutföll framkvæmdastjóra. Hefur frumvarpsgreinin því vakið upp þá spurningu hvort þar sé á ferðinni hugtakaruglingur varðandi framkvæmdastjóra og að frumvarpshöfundar séu að vísa hugsanlega til framkvæmdastjóra tiltekinna sviða eða deilda hjá stærri fyrirtækjum. Jafnvel þótt stjórnendur geti borið titilinn framkvæmdastjóri tiltekins sviðs innan



fyrirtækja er mikilvægt að aðgreina slíka stjórnendur frá framkvæmdastjóra samkvæmt hlutafélagalögum, en alls ekki er um sama hlutinn að ræða. Að öðru leyti er vísað til umfjöllunar um tilkynningu um kynjahlutföll stjórnarmanna hvað varðar nytsemi þess að skila inn þessum upplýsingum um framkvæmdastjóra.

Starfandi stjórnarformenn

Í 4. gr. frumvarpsins er að finna nýmæli þar sem mælt er fyrir um að formaður félagsstjórnar í hlutafélagi skuli ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem félagsstjórnin felur honum að vinna fyrir sig.

Á undanförunum árum hefur það færst í aukana að stjórnarformann séu í fullu starfi hjá því félagi sem þeir gegna stjórnarformennsku fyrir. Slíkir stjórnarmenn hafa verið nefndir „starfandi stjórnarformenn“. Í lögum um hlutafélög er ekki lagt bann við því að stjórnarformenn séu í fullu starfi við að sinna þeim verkefnum sem stjórnarformennskan krefst af þeim. Almennt hefur þó verið talið að stjórnarstarf sé aðeins hlutastarf. Verkefni stjórnarformanns ráðast þá aðallega af stærð, eðli og umfangi fyrirtækisins og ljóst er að stjórnarmenn geta þurft að eyða það miklum tíma í stjórnarstörf að það jafngildi fullu starfi.

Í þessu sambandi verður að hafa það í huga að stjórnkerfi íslenskra hlutafélaga og einkahlutafélaga er byggt upp á þann hátt að farið er bil beggja á milli einþátta stjórnkerfis og tvíþátta stjórnar. Í einþátta stjórnkerfi samanstendur stjórnin af framkvæmdastjórum og utanaðkomandi stjórnarmönnum sem annast eftirlit með framkvæmdastjórum. Slíkt kerfi er t.a.m. við lýði í Bandaríkjunum og á Bretlandi. Í tvíþáttastjórnkerfi er stjórnareiningum hins vegar er skipt upp í eftirlitsstjórn og framkvæmdastjórn. Í tvíþátta stjórnkerfi situr enginn í báðum stjórnunum og eftirlitsstjórnin tekur engar aðrar stjórnunarlegar ákvarðanir en að ráða framkvæmdastjórnina. Slíkar tvíþátta stjórnir eru t.d. í Þýskalandi og Hollandi. Á Íslandi er farið bil beggja leiða eins og áður segir og hefur íslenska stjórnkerfið bæði einkenni einþátta og tvíþátta stjórna. Félagsstjórn og framkvæmdastjóri fara saman með stjórn félagsins sbr. 1. mgr. 68. gr. hfl. og framkvæmdastjóri getur einnig verið stjórnarmaður og ber honum ávallt að sitja stjórnarfundum. Hins vegar verður meirihluti stjórnar að vera skipaður af mönnum sem ekki eru framkvæmdastjórar, sbr. 65. gr. hfl. Er það einkennandi fyrir hið íslenska stjórnkerfi hlutafélaga að félagsstjórn gegnir ekki aðeins eftirlitshlutverki heldur kemur einnig að eiginlegri stjórn félagsins. Í þessu ljósi getur verið óeðlilegt að setja takmarkanir á þau störf sem stjórnarformaður getur sinnt.

Samkvæmt athugasemdum við lagafrumvarpið byggir það á niðurstöðum nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis sem skipuð var af þáverandi viðskiptaráðherra árið 2004. Í öðru lagi er vísað til 51. gr. dönsku hlutafélagalaganna sem hefur að geyma samskonar ákvæði fyrir félög sem eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði. Danmörk er eina nágrannaríki okkar sem hefur lögfest ákvæði sem miðar að því að takmarka starfssvið starfandi stjórnarformanna og hefur ákvæðið verið nokkuð gagnrýnt þar í landi. Var danska ákvæðið sett í kjölfar hneykslismáls



sem upp kom í Danmörku snemma á tíunda áratugnum í fyrirtæki þar sem starfandi stjórnarformaður hafði gengið svo inn á verksvið framkvæmdastjórnar að alls óljóst var um skilin milli daglegra starfa annars vegar og eftirlits og stefnumótunar hins vegar. Sú afstaða danska löggjafans að bregðast við einstöku tilfelli með að setja almenn lög hefur ávallt verið umdeild og virðast íslensk stjórnvöld nú vera að feta í sömu fótspor. Dr. Erik Werlauff prófessor við Álagborgarháskóla hefur í gagnrýni sinni á danska lagaákvæðið haldið því fram að það skorti betri skýringar á ákvæðinu, þ.e. hvað átt sé við með því umfram það sem fyrir er í dönskum hlutafélagalögum. Jesper Lau Hansen prófessor við lagadeild Kaupmannahafnar hefur sömuleiðis gagnrýnt ákvæðið. Hann telur ákvæðið vera óskýrt þar sem með því sé reynt að koma til móts til pólitískar kröfur um að banna starfandi stjórnarformann sem sé andstætt því sem verið hefur viðurkennd venja. Niðurstaðan verði óskýr regla sem innihaldi margar undanþágur.

Þessa sömu gagnrýni má heimfæra upp á það frumvarp sem hér er til umfjöllunar. Ekki kemur fram í ákvæði frumvarpsins eða athugasemdum þess hvað teljist til „eðlilegs hluta“ starfa stjórnarformanns. Er það því einkar óskýrt. Í frumvarpinu er síðan gerð sú undantekning að stjórnarmenn geti falið stjórnarformanni að vinna einstök verkefni fyrir stjórnina. Í athugasemdum með frumvarpinu er ekki skýrt hvers konar verkefni geti verið um að ræða. Undantekningarákvæðið er því einnig mjög óskýrt og óljóst og erfitt að sjá það ná tilgangi sínum.

Í framhaldi af útgáfu skýrslunnar um íslenskt viðskiptalíf árið 2004 voru frumvarpsdrög þáverandi viðskipta- og iðnaðarráðherra borin undir tvo starfandi stjórnarformenn. Töldu þeir báðir sig vera að starfa í samræmi við frumvarpsdrögin og að þau myndu ekki breyta neinu fyrir viðkomandi félög. Spyrja má því um tilgang þess að lögfesta ákvæði frumvarpsins ef stjórnarformenn telja að það muni ekki breyta neinu varðandi störf þeirra. Þeir telja sig væntanlega ekki vera að sinna öðrum verkefnum en þeim sem falla undir verksvið þeirra sem stjórnarformenn.

Hins vegar má benda á að full þörf getur verið fyrir það í þeim félögum sem kjósa að hafa starfandi stjórnarformenn að afmarka skýrt hvert verksvið stjórnarformanns viðkomandi félags er, hvaða verkefni hann megi sinna og hvaða löggæringa hann megi gera í nafni félags. Er þá minni hætta á því að stjórnarformaðurinn gangi inn á svið framkvæmdastjóra eða misfari með vald sitt á einhvern hátt. Í *Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja* sem útgefnar eru af Viðskiptaráði, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq OMX Ísland segir að starfsreglur stjórnar þurfi að fjalla um verkaskiptingu stjórnar og um verksvið stjórnar og stjórnarformanns. Samkvæmt hlutafélagalögum skal félagsstjórn setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa stjórnarinnar. Ekki er nánar fjallað um efni starfsreglna stjórnar í lögnum. Standi vilji löggjafans til þess að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra milli stjórnarformanns og framkvæmdastjóra virðist því nærtækara og líklegra til að skila árangri að kveðið væri á um að verksvið þessara aðila skuli sérstaklega afmarkað í starfsreglum stjórnar.


Ef sú leið sem bent er á hér verður ekki farin, vilja Samtök atvinnulífsins benda á að eðlilegt sé að takmarka ákvæðið við félög á skráðum markaði eins og gert hefur verið í Danmörku, enda má segja að þar liggi hagsmunir almennings sem fjárfesta í slíkum



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

félögum sem löggjafinn vill vernda. Þá er og eðlilegt að íslenskum félögum sé gefinn ákveðinn aðlögunartíma fyrir gildistöku ákvæðisins.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins


Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is

